

Mál nr. 108/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. mars 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 3. apríl 2025, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína í sundlaug í sveitarfélaginu X hinn 10. júlí 2022 þegar hann rann í blautum stiga með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á hné. Vegna atviksins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V á þeim grundvelli að slysið megi rekja til vanrækslu af hálfu vinnuveitanda þar sem tröppurnar hafi verið vanbúnaðar vegna þess að enginn hálkuborði hafi verið í einu þrepi stigans. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað. M vísar til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því ríki óvissa um orsök slyssins. X verði því að bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ekki sé sýnt fram á að slysið megi rekja til vanbúnaðar eða vanrækslu X. Byggir V á því að hringstiginn, sem slysið varð á, sé samþykkt hönnun og teljist hluti af laugarmannvirkinu. Það sé eðlilegt að bleyta geti verið til staðar á svæðinu vegna eðlis starfseminnar og að því beri starfsmönnum að sýna sérstaka aðgát, meðal annars með því að halda sér í handrið stigans. V mótmælir því að slysið verði rakið til þess að hálkuborði hafi vantað í eitt þrep stigans. Þá liggi ekki fyrir að M hafi tilkynnt um meintan vanbúnað fyrir slysið, né heldur að breytingar hafi verið gerðar á stiganum í kjölfar slyssins. Þá bendir V á að ekki hafi stofnast til tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins samkvæmt 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem slysið hafi ekki verið metið alvarlegt af hálfu vátryggingataka í ljósi þess að fyrsta koma M til læknis eftir slysið var fimm dögum síðar. V telur sönnunarbyrðina hvíla á M og að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Verði heldur að líta svo á að um hafi verið að ræða óhappatilviljun sem X beri ekki ábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Í málskoti er því haldið fram að slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins og því beri X hallann af sönnunarskorti í málinu. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Samkvæmt gögnum málsins leitaði M ekki til læknis eftir slysið fyrr en 15. júlí 2022, fimm dögum eftir slysið. Fram að þeim tíma var M í vaktarfríi og því liggur ekkert fyrir um vitneskju yfirmanna hans um óvinnufærni hans strax í kjölfar slyssins. Verður því ekki talið að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins með þeim hætti að það hafi áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði. Fyrir liggur að M, sem var vanur starfsmaður með góða þekkingu á aðstæðum, hafði gengið um stigann mörgum sinnum áður án athugasemda. Hvorki liggur fyrir formleg kvörtun né staðfesting á því að hálkuborði hafi vantað í umrætt þrep áður en slysið varð. Þá hefur M ekki sýnt fram á að aðstæður hafi verið í andstöðu við lög eða reglur sem giltu um aðbúnað á staðnum. Er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar X eða aðila sem það ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2025.
rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir